

AUGLÝSING

220

3. okt.

um notkun gjaldmæla, samkvæmt reglugerð nr. 99 17. júlí 1956.

Samkvæmt heimild í reglugerð nr. 99 17. júlí 1956, um breyting á reglugerð nr. 124 12. okt. 1954, um breytingu á reglugerð nr. 165 21. júlí 1952, um notkun gjaldmæla í leigubifreiðum, hefur ráðuneytið ákveðið eftirfarandi:

Skylt er frá og með 25. þ. m. að hafa gjaldmæla í öllum sendibifreiðum í Reykjavík, sem aka fyrir almenning gegn borgun.

Ráðuneytið hefur ákveðið, að notaðir skuli gjaldmælar frá Halda A. B., Halmstad í Svíþjóð (Haldataxtameter), og hefur falið bifreiðastjórafélaginu Hreyfli, Reykjavík, að annast útvegum á nægilegum fjölda gjaldmæla fyrir sendibifreiðarnar.

Samgöngumálaráðuneytið, 3. október 1956.

Eysteinn Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

221

20. nóv.

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar Reykjavíkur hefur eftirfarandi verið ákveðið.

Einstefnuakstur um:

Frakkastíg milli Njálsgötu og Hverfisgötu frá suðri til norðurs.

Vítastíg milli Njálsgötu og Hverfisgötu frá norðri til suðurs.

Bann við bifreiðastöðum:

Í Grófinni beggja vegna götunnar frá Vesturgötu að Tryggvagötu og austan megin götunnar frá Tryggvagötu að Geirsgötu.

Á Reykjanesbraut frá Miklatorgi að Laufásvegi. Gildir bannið þar fyrir allar bifreiðar nema strætisvagna.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 20. nóvember 1956.

Sigurjón Sigurðsson.

SKRÁ

222

um ný hlutafélög samkvæmt Lögbirtingablaðinu 1956.

1. H.f. Á. Einarsson & Funk, Reykjavík.
2. Arnar h.f., Sandgerði, Miðneshreppi.
3. Arnarvík h.f., Grindavík.
4. Atli h.f., Stokkseyri.
5. H.f. Auðbjörg, Eskifirði.
6. Bátafiskur h.f., Hafnarfirði.